



## Fundur háskólaráðs 3. maí 2001

### Fundargerð

Málsnúmer: HI01010071  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 30.04.2001 14:02:07  
Dags: 03.05.2001

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4302/4303/4041  
Fax: 525 4038

8/2001

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2001, fimmtudaginn 3. maí var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:30.

### 1. Bókuð erindi

- 1.1 Lagt fram bréf frá Vilhjálmi Árnasyni, deildarforseta heimspekideildar, þar sem fram kemur að heimspekideild hafi samþykkt á fundi sínum 26. apríl s.l. að breyta nafni Stofnunar í erlendum tungumálum þannig að hún beri framvegis heitið Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

### 2. Mál til kynningar og afgreiðslu síðar

- 2.1 Lagt fram bréf ásamt tillögum um valnefndir vegna stöðuveitinga í læknadeild (læknisfræði) H.Í. frá Reyni Tómasi Geirssyni, deildarforseta læknadeildar, þar sem óskað er eftir umfjöllun og samþykkt háskólaráðs um nýtt fyrirkomulag við stöðuveitingar í læknadeild.
- 2.2 Lögð fram drög að nýju erindisbréfi fyrir fjármálanefnd Háskólans.
- 2.3 Lagt fram bréf frá Kristínu Klöru Einarsdóttur, skrifstofustjóra viðskipta- og hagfræðideildar, þar sem fram kemur að samþykkt var á deildarfundum 16. mars s.l. að óska eftir því við háskólayfirvöld að Árni Vilhjálmsson, fyrrum prófessor í viðskipta- og hagfræðideild verði sæmdur heiðursdoktorsnafnbót í viðskipta- og hagfræðideild í tilefni af 60 ára afmæli deildarinnar árið 2001.
- 2.4 Lagt fram bréf frá Vilhjálmi Árnasyni, deildarforseta heimspekideildar, þar sem fram kemur að á deildarfundum 27. apríl s.l. hafi verið samþykkt að sæma Helga Hálfðanarson, þýðanda, Jonnu Lous-Jensen, prófessor við Stofnun Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn og Preben Meulengracht Sörensen heiðursdoktorsnafnbót í heimspekideild.

### 3. Mál til fróðleiks

- 3.1 Lagt fram bréf frá Þorvarði Tjörva Ólafssyni, formanni Stúdentaráðs H.Í., dags. 25. apríl s.l., þar sem fram kemur að Stúdentaráð samþykki einróma ályktun um þjóðaráttak í þágu Háskóla Íslands.
- 3.2 Lagt fram bréf frá Þorvarði Tjörva Ólafssyni, formanni Stúdentaráðs H.Í., dags. 25. apríl s.l., þar sem fram kemur að Stúdentaráð samþykki einróma ályktun vegna húsnæðis- og byggingamála H.Í.
- 3.3 Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu ásamt bæklingnum “Forskot til framtíðar” verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins í rafrænni menntun 2001-2003.
- 3.4 Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu þar sem fram kemur að menntamálaráðherra hefur skipað Hörð Sigurgestsson og Ármann Höskuldsson til setu í háskólaráði Háskóla Íslands til næstu tveggja ára frá 1. júlí 2001 að telja.

3.5 Lagt fram yfirlit yfir sundurliðun á launakostnaði kennsludeilda, samanber tillögu Guðmundar G. Haraldssonar frá fundi háskólaráðs 3. apríl s.l.

#### **4. Mál á dagskrá**

4.1 Fjármögnun rannsókna og þróunar í skólum á háskólastigi.

Inn á fundinn komu Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, og Gunnlaugur H. Jónsson, framkvæmdastjóri fjárreiðusviðs, og gerðu grein fyrir framlögðum drögum að reiknilíkani vegna fjármögnunar rannsókna við Háskóla Íslands. Málið var rætt ítarlega og svöruðu þeir Ingjaldur og Gunnlaugur framkomnum spurningum og athugasemdum.

Þá gerðu þeir grein fyrir framlögðum samanburði milli deilda á launum lektora, dósenta og prófessora. Ákveðið var að ræða málið frekar í tengslum við hugsanlega endurskoðun á deililíkaninu.

4.2 Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss um kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindagreinum.

Rektor gerði grein fyrir stöðu samningaviðræðnanna og sjónarmiðum samningsaðila. Málið var rætt ítarlega.

4.3 Drög að samningum við Stúdentaráð.

Málinu var frestað til næsta fundar.

Fleira var ekki gert  
Fundu slitið kl. 15:40